



Starfsleyfisskilyrði til jarðborunar við Reykjanesvirkjun, REY4.

gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk verklagsreglna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

1. GILDISSVIÐ: Skilyrðin gilda til borunar á lóð HS Orku hf., fyrir REY4 við Reykjanesvirkjun á fimm sjótökuholum samkvæmt innsendri yfirlitsmynd.
2. GILDISTÍMI: 1. nóvember 2021 til 15. janúar 2022.
3. LEYFISHAFI: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169, Gagnheiði 35, 800 Selfossi.
4. ÚTTEKT á verkstað skal fara fram af heilbrigðisfulltrúa áður en borun hefst. Kalla skal til úttektar með að minnsta kosti tveggja sólahrings fyrirvara við lok uppstillingar á tækjabúnaði.
5. VIÐ DÆLINGU ELDSNEYTIS skal alltaf vera starfsmaður til staðar sem fylgist með dælingum.
6. OLÚTANKAR skulu þannig staðsettir og þannig frá þeim gengið að ekki sé hætt á að olía berist í jarðveg.
7. MENGUNARÓHÖPP skulu tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja án tafar og framkvæmdaraðili skal þegar í stað hefjast handa við að stöðva útbreiðslu mengunarinnar.
8. RUSLAGÁMAR skulu vera lokaðir, þrifalegir og að öðru leyti standast kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.
9. AÐ VERKI LOKNU skal gegnið frá athafnarsvæði þannig að það falli sem best að umhverfinu.
10. LOKAÚTTEKT skal framkvæmd af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að verki loknu. Leyfishafi skal kalla til heilbrigðisfulltrúa með a.m.k. tveggja sólahrings fyrirvara.
11. Til viðbótar við ofangreind skilyrði gilda einnig almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfssemi.